

Nr. 19-039 S 028 Hrafn GK 111***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr: 1401
 Útgerð: Þorbjörn hf.
 Smíðaður: Noregur 1974, stál
 Stærð: 446 brl. 601 bt.
 Mesta lengd: 52,82 m Skráð lengd: 48,46 m
 Breidd: 8,2 m Dýpt: 6,45 m
 Vél: Wichmann 727 kW, 1974
 Fjöldi skipverja: 14



Hrafn©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynt og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 27. mars 2019 var Hrafn GK 111 á línuveiðum við suðurströndina. Veður: Strömur, stórsjór.

Skipverji var að fara út á þilfar um gönguhurð þegar alda skall á henni sem við það losnaði af hurðarkrækju sem hélt henni opinni og lokaðist hurðin með miklum þunga. Við það klemmdist skipverjinn illa og fingurbrotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn hélt sér í með hendinni inn í hurðarkarminum;
- að hurðarkrækjan var þannig útbúin að þegar ýtt var á hurðina þá losnaði hún (*sjá mynd 1*);
- að sögn skipstjóra vissi hann ekki til þess að hurðin hefði nokkru sinni fyrr losnað með þessum hætti;
- að eftir slysið var skipt um krækjuna fyrir hurðina og sett upp öruggari festing (*sjá mynd 2*);



Mynd 1 Hurðarfestingin sem var á hurðinni.

- að í framhaldi var farið yfir hurðarkrækjur á öðrum skipum sömu útgerðar.



Mynd 2 Hér sjást þær breytingar sem gerðar voru

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til þess að hurðakrækjan var ekki örugg og telur að brugðist hafi verið rétt við eftir slysið.